

Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar  
Skútahrauni 17  
660 Mývatn

Reykjavík, 27. febrúar 2020  
UST202002-152/H.H.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - snjócross og sleðaspyrna**

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Akstursíþróttafélags Mývatnssveitar, dagsett 17. febrúar 2020, um leyfi fyrir snjócrossmóti og sleðaspyrnu innan verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sóst er eftir því að halda snjócross og sleðaspyrnu þann 7. mars 2020 norðvestur við Fosshótel Mývatns. Stefnt er að æfingar á svæðinu byrji um kl. 10:00 og keppni verði lokið um kl. 17:00. Ekki er þörf fyrir að setja upp mannvirki, tímabundinn útbúnaður verður einungis í snjó. 12-18 keppendur verða ásamt áhorfendum. Notast verður við Vélsleða og rafstöðvar, reiknað er með að tæki verði geymt á núverandi malbikuðu bílastæði og öll aðstaða inni á fosshóteli. Einungis verður keyrt vélsleðana á snjó. Ef rask verður á gróðri verður það lagfært næstkomandi vor.

#### **Umsagnir:**

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrustofnunar Íslands þann 19. febrúar 2020 vegna viðburðarins. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 19. febrúar 2020. Í umsögninni kemur fram að Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að framangreint leyfi verði veitt vegna staðsetningar atburðarins og árstíma og að því tilskyldu að nægur snjór sé á svæðinu 7. mars nk. þannig að ekki verði skemmdir á landi og að um stakan atburð er að ræða. Einnig verður að gæta fyllstu varúðar og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega mengun frá ökutækjum.

Einnig í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn þann 19. febrúar 2020 vegna viðburðarins. Umsögn Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn barst þann 19. febrúar 2020. Í

umsögninni kemur fram að Náttúruverndastöðin við Mývatn geri ekki athugasemdir við þetta verkefni að því gefnu að nægur snjór sé á svæðinu.

#### ***Ahrifamat:***

Umhverfisstofnun metur viðburðinn ekki líklegan til að valda raski á verndargildum svæðisins enda fer akstur sleða á snjó svo gróðri verður ekki ógnað. Tímasetning er þess valdandi að ekki verði truflun á dýralífi. Ekki verður hróflað við jarðmyndunum eða varanleg áhrif höfð á landslag.

#### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir Akstursíþróttafélagi Mývatnssveitar fyrir sitt leyti leyfi fyrir snjókrossmóti og sleðaspyrnu innan verndarsvæði Mývatns og Laxár sbr. lýsingu hér að ofan 7. mars 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka vélsleðum utan vega á svæðum sem nægur snjór er.
- Aðstandendur viðburðarins tryggi að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á viðavangi. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja verði fjarlægðar strax að viðburði loknum.
- Stjórnendur viðburðarins upplýsi þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á svæðum sem nægur snjór er til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri og jarðminjum.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gera þarf ráðstafanir til að bregðast við minniháttar mengunarslysum t.d. með því að hafa ísogsefni á mótstað.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### ***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

*Hildur Hafbergsdóttir*

Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur

*David Örvar Hansson*

David Örvar Hansson  
sérfræðingur